



Brunavarnir á tjald- og hjólhýsasvæðum

1 Inngangur

Leiðbeiningablað þetta fjallar um eldhættu sem er til staðar við venjulega starfsemi á tjald- og hjólhýsasvæðum og um varnir gegn henni.

Á tjald- og hjólhýsasvæðum búa menn gjarnan í mikilli nálægð við nágretta og oft í umhverfi sem þeim er ókunnugt. Matseld fer yfirleitt fram á gastækjum og notkun útigrilla er almenn, þá bæði kola- og gasgrilla. Grillin eru gjarnan staðsett þar sem skjólið er mest, oft milli tjalda eða hjólhýsa.

Það eitt að vera með opinn eld nærri tjaldi eða ferðavagni skapar alltaf mikla hættu á íkviknun. Allt umhverfið getur verið auðbrennanlegt; gróður, ferðavagnar, húsgögn og tjöld. Efnið sem húsgögnin og tjöldin eru gerð úr eru yfirleitt auðbrennanleg og brenna mjög hratt. Margir ferðavagnar eru sömuleiðis byggðir úr efnum sem brenna auðveldlega svo þeir verða alelda á skammri stundu. Algengast er að einangrun í þeim sé polystyren (hvíta einangrunarplastið) eða polyuretan samlokueiningar og að klæðning að utan sé ál en harðplast að innan.

Tjaldsvæði geta verið staðsett fjarri stöðvum slökkviliða þannig að þegar kviknar í þá getur langur tími liðið þar til hjálp berst og tjón getur orðið verulegt. Því er mikilvægt að vel sé hugað að brunavörnum á tjald- og hjólhýsasvæðum og að reynt sé að draga úr líkum á íkviknun eins og unnt er.



Mynd 1 Þéttsetið tjaldstæði í tengslum við íþróttamót.



2 Skýringar og gildissvið

Orðið tjaldsvæði er hér notað sem samheiti yfir tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem ætlað er ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi í skamman tíma og gilda þessar leiðbeiningar aðeins fyrir slík svæði. Í leiðbeiningunum er orðið ferðavagn notað sem samheiti yfir húsbíla, hjólhýsi, húsvagna, tjaldvagna og fellihýsi en um þá gilda ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Ákvæði leiðbeininganna má einnig nota fyrir svæði sem ætluð eru fyrir langtímaleigu fyrir ferðavagna eftir því sem við á. Vakin er athygli á að í lögum um mannvirki nr. 160/2010 kemur fram að: „Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar“. Ferðavagnar sem falla undir þessa skilgreiningu eru byggingarleyfisskyldir og skulu uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 m.a. um efnisval og fjarlægðir milli vagna. Byggingarmáti flestra ferðavagna uppfyllir ekki lágmarkskröfur byggingarreglugerðar um brunapól. Leiðbeiningarnar gilda ekki um stór samkomutjöld sem reist eru tímabundið á tjaldsvæðum en um þau vísast til leiðbeininga Mannvirkjastofnunar nr. 6.018.

3 Áætlun um viðbrögð við eldsvoða á tjaldsvæði

Tjaldsvæði eru starfsleyfisskyld. Samræmd leyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.umhverfisstofnun.is. Í þessum leiðbeiningum, grein 6.2, kemur fram eftirfarandi ákvæði um slysa- og öryggismál: „...að rekstraraðila beri að hafa neyðaráætlun ef upp koma alvarleg slysa eða hættur.“ Með vísun til þess að eldsvoði skapar oft alvarlega hættu fyrir fólk og eignir verður að líta svo á að áætlun um viðbrögð við eldsvoða sé hluti þeirrar neyðaráætlunar sem þarf að gera fyrir tjaldsvæði. Áætlun um viðbrögð við eldsvoða þ.m.t. rýmingaráætlun ætti síðan að vinna í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.

Á hverju tjaldsvæði þarf að vera til neyðaráætlun þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig brugðist skal við eldsvoða og hvert sé hlutverk hvers aðila. Sá hluti áætlunarinnar sem snýr að gestum og þeirra viðbrögð skal vera aðgengileg gestum t.d. í móttöku eða á skiltum utandyra við aðkomu á tjaldsvæðið.

4 Forvarnir

Það er á ábyrgð eiganda og/eða rekstraraðila tjaldsvæðis að tryggja fullnægjandi forvarnir gegn eldsvoða. Forvörnum á tjaldsvæðum má skipta í þrjá megin flokka. Þar er fyrst að nefna þætti tengda skipulagningu og uppbyggingu tjaldsvæðisins, t.d. reitun (stærð) svæðis, aðkomu og því hvernig tjöldum og ferðavögnum er raðað inn á svæðið. Síðan er um að ræða þætti sem tengjast umgengni, slökkvibúnaði og meðferð elds. Að lokum má tala um forvarnirnar sem tengjast því að gestum eru veittar nauðsynlegar upplýsingar um allar aðstæður á svæðinu.

Minna má á að ný tjald- og hjólhýsasvæði eru skipulagsskyld sbr. ákvæði 1.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.




5 Skipulag tjaldsvæða:

Varnir gegn eldsvoðum og útbreiðslu elds geta haft veruleg áhrif á skipulag tjaldsvæða og þarf því að hafa þær í huga alveg frá byrjun. Tryggja þarf lágmarksfjarlægð á milli tjalda og ferðavagna innbyrðis með því að afmarka þeim stæði. Standi tjöld og ferðavagnar of þétt saman er mikil hættu á að eldur breiðist út milli þeirra. Hér þarf einnig að muna eftir því að gróður getur borið eldinn á milli.

Í þessu sambandi má einkum benda á eftirfarandi atriði:

- Tjaldsvæðum ætti að skipta þannig upp að svæði fyrir tjöld séu aðskilin frá svæðum sem ætluð eru fyrir ferðavagna.
- Svæði fyrir tjöld ættu ekki að vera stærri en 1000 m² eða að allt að 60 tjöld rúmist á hverju þeirra. Bil á milli svæðanna ætti að vera minnst 5 m. Bil milli stakra tjalda (óskeyldir aðilar) ætti að vera minnst 3 m. Leyfa má hópum að hafa fleiri tjöld saman. Slökkviliðsstjóri getur einnig heimilað stærri tjaldborgir við sérstakar aðstæður en þá þarf að huga vel að bættum brunavörnum, einkum bættum flóttaleiðum frá tjöldunum.
- Svæði fyrir ferðavagna ætti að skipta niður í blokkir þannig að mest 30 ferðavagnar séu í hverri blokk. Svæði fyrir hverja bifreið með ferðavagni má áætla 100 m², en fyrir húsbíl um 80 m². Fjarlægð á milli blokkanna ætti að vera minnst 8 m. Hverri blokk ætti síðan að skipta í þrjár einingar sem hver rúmar 10 ferðavagna. Milli eininganna ætti að vera 5 m bil. Fjarlægð á milli ferðavagna innbyrðis ætti að vera minnst 4 m en 1.8 m á milli ferðavagns og næstu bifreiðar eða sóltjalds (markísu). Sjá nánar lágmarksstærðir á mynd 2.



Mynd 2 sýnir ráðlagðar minnstu fjarlægðir á milli ferðavagna. Æskilegast er að farðavagnarnir snúi dráttar-beislum út að götunni eins og sýnt er á vögunum í blokk A en vagninn í blokk B sem snýr samhlíða götu þyrfti að snúa um 90°. Mynd úr CFPE 20:2012



23. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

- d. Götur á tjaldsvæðum ættu að vera minnst 5 m breiðar og þannig gerðar að þær beri umferð slökkvi- og sjúkrabíla. Tryggja þarf að bifreiðum sé ekki lagt í götuna þannig að umferð sé hindruð. Aðkoma slökkviliðs skal að jafnaði vera úr tveim áttum. Slökkviliðsstjóri getur gefið upplýsingar um öxulþunga bifreiða, beygjuradíus og annað sem máli skiptir. Einnig þarf að leita til hans varðandi mat á því hvort aðgengi að slökkvivatni sé fullnægjandi.
- e. Þjónustubyggingar á tjaldsvæðunum eru byggingaleyfisskyldar og þær lúta almennum ákvæðum byggingarreglugerðar.
- f. Um raflagnir á tjaldstæðum vísast til ákvæða í ÍST 200:2006 Raflagnir bygginga, einkum kafla 708.

6 Umgengni, slökkvibúnaður og meðferð elds á tjaldsvæði:

Algengast er að brunaslys á tjaldsvæðum verði vegna bruna í tjaldi eða ferðavagni viðkomandi gests. Hver einstakur gestur verður að taka ábyrgð á eigin öryggi og fara varlega með eld. En einnig þarf hann að hafa einhverja lágmarks þekkingu á aðstæðum á tjaldsvæðinu til að geta brugðist rétt við ef upp kemur eldur.

- a. Allir starfsmenn tjaldsvæðisins eiga að hafa þekkingu á öryggismálum staðarins og hafa fengið kennslu í meðferð öryggisbúnaðar s.s. slökkvitækja.
- b. Slökkvitæki, aðgengileg gestum þurfa að vera á öllum tjaldsvæðum. Mælt er með að notuð séu 6 kg ABC slökkvitæki og/eða brunaslöngur á keflum. Fjarlægð milli tækja á mest að vera um 25 m, mælt eftir gangfærri leið. Staðsetning og merking þarf að vera þannig að gestir sjái slökkvitæki þegar þeir koma á tjaldsvæðið. Mælt er með að handslökkvitæki sé einnig hjá tjaldverði og þar sé jafnvel einnig brunaslanga. Slökkvibúnað þarf alltaf að yfirfara árlega af viðurkenndum þjónustuaðila.
- c. Gestum ætti ekki að vera heimilt að kveikja varðelda eða bálkesti, nema á til þess gerðum stöðum og þá aðeins að fengnum öllum tilskyldum leyfum umráðamanns tjaldsvæðisins. Aldrei ætti að heimila slíkt þegar gróður er þurr. Um stærri bálkesti gilda sérstakar reglur, sem að sjálfsgöðu verður að virða, sjá þar um Leiðbeiningar Ríkislögreglustjórans, Umhverfisstofnunar og Mannvirkjastofnunar „Bálkestir og brennur“ sem finna má á heimasíðu Mannvirkjastofnunar www.mvs.is .(Leiðbeiningar nr. 6.019).
- d. Í ferðavögnum skal vera reykskynjari og handslökkvitæki, minnst 2 kg ABC tæki. Þar sem notað er gas ætti einnig að vera gasskynjari. Slíkir skynjarar taka um 80 mA straum en allt að 110 mA í viðvörun. Öll gastæki s.s. eldavélar, ísskápar, hitarar og þess háttar skulu búin logavara sem lokar fyrir aðstreymi á gasi ef gasloginn slokknar. Sjá í þessu sambandi reglur um tæki sem brenna gasi nr. 108/1996. Slöngur milli tækis og gaskúta skulu vera sérstaklega gerðar fyrir gas (yfirleitt appelsínugular að utan en svartar að innan). Á þeim er framleiðsludagsetning tilgreind og framleiðendur gefa upp endinga á slöngunum sem yfirleitt er 3 – 5 ár við góðar aðstæður. Sé gúmmíið í slöngunni farið að harðna eða springa skal slöngunni skipt út. Lekaprófun á lögnum er best að gera með því að bera sápuvatn á



23. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

slönguna. Ef það myndast loftbólur eru lagnirnar óþéttar og skulu þær lagfærðar eða skipt út. Lekar gaslagnir geta skapað mikla eld- og sprengihættu.



Mynd 3 sýnir morkna gasslöngu sem er orðin hættuleg. Mynd tekin af vg.no

- e. Heppilegast er að ruslagámar séu úr stáli. Þegar gámarnir eru úr plasti er eldhættan af þeim meiri vegna þess að þeir bráðna niður og brenna sjálfir. Umhverfis ruslatunnur/gáma skal gera skjólveggi minnst E15. Fjarlægð frá skjólvegg að næsta tjaldi eða ferðavagni á ekki að vera minni er 4 metrar.
- f. Þegar reist eru stærri samkomutjöld verður að tryggja fullnægjandi brunavarnir í þeim. Mannvirkjastofnun hefur gefið úr leiðbeiningar um brunavarnir í samkomutjöldum sem eru nr. 6.018 en þær má finna á vef stofnunarinnar www.mvs.is.

7 Fræðsla til gesta við komu:

Við komu á tjaldsvæði ætti gestur að fá yfirlit yfir svæðið. Við aðkomu að tjaldsvæði eða við þjónustumiðstöð ætti að vera kort eða yfirlitsmynd sem sýnir skipulag tjaldsvæðisins ásamt heiti tjaldsvæðisins og öryggisnúmeri¹. Þar komi fram skipulag svæðisins og lágmarksfjarlægðir milli ferðavagna og tjalda, hvar slökkvibúnaður er staðsettur, flóttaleiðir frá tjaldsvæðinu og almennar öryggisreglur svæðisins.

Að auki er mikilvægt að þar sé vakin athygli á:

- a. Að menn gæti þess að tjalda ekki eða leggja ferðavögnum of þétt. Komi upp eldur í ferðavagni er mikilvægt að hægt sé að draga burtu þá ferðavagna sem næst honum standa. Því þarf að snúa vögnunum þannig að beislið snúi út að veginum. Öllum bílum og húsvögnum ætti að leggja þannig að auðvelt sé að aka þeim í burtu og ætti almenna reglan að vera sú að þeim sé bakkað í stæði.
- b. Að ekki sé heimilt að geyma brennanlegt efni s.s. húsgögn á auða svæðinu milli tjalda eða milli ferðavagna.
- c. Að grill skuli ekki haft nær tjaldi eða ferðavagni en sem nemur 1.0 m.
- d. Að ekki sé heimilt að vera með opinn eld t.d. óbygð kerti eða kolagrill inni í tjöldum eða fortjöldum ferðavagna.

¹ Fastanúmer lóðarinnar sem finna má í skrá Þjóðskrár Íslands www.skra.is



- e. Að þegar skipt er um gaskúta á tækjum þá sé það gert utandyra á opnum svæðum. Þá er ágætt tækifæri til þess að kanna hvort pakkningar t.d. í þrýstiminnkaranum séu heilar. Séu komnar rifur í hana eða hún sé farin að harðna skal pakkningunni skipt út. Jafnframt er æskilegt að vekja athygli á því að kanna þurfi reglulega ástand gastækja og slanga.



Mynd 4 sýnir hjólhýsasvæði Bryn Gloch Caravan and Camping Park í Wales. Hér eru svæðin fyrir hvern ferðavagn skýrt afmörkuð með bundnu yfirborði en grasflöt á milli.



8 Heimildir

- *Bálkestir og brennur.* Leiðbeiningar Ríkislögreglustjórans, Umhverfisstofnunar og Mannvirkjastofnunar. Sjá leiðbeiningar nr. 6.019 á www.mvs.is
- *Brunavarnir í samkomutjöldum.* Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar nr. 6.018
- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Reglur um tæki sem brenna gasi nr. 108/1996 sjá www.vinnueftirlit.is
- ÍST 200:2006 *Raflagnir bygginga.*
- ÍST EN 1949 *Specification for the installation of LPG systems for habitation purposes in leisure accommodation vehicles and in other road vehicles.* Staðlaráð Íslands, sjá www.stadlar.is
- *Fire Safety in Camping Sites* CFPA Guidelines nr. 20:2012, sjá www.cfpa-e.org
- *Safety Distance between Waste Containers and Buildings* CFPA E Guideline No 7 2011 sjá www.cfpa-e.org
- *NFPA® 1194 Standard for Recreational Vehicle Parks and Campgrounds.* 2014 Edition, sjá www.nfpa.org
- http://www.umhverfisstofnun.is/media/skyrslur2004/Starfsleyfissskilyrði_tjaldstaedi_1_7_2004.pdf
- <http://www.spek.fi/Suomeksi/Paloturvallisuus/Oppaita/Leirintaalueen-turvallisuusopas>
- www.alivar.se/sites/default/files/fire_safe_camping.pdf
- <http://www.vg.no/nyheter/innenriks/slike-morkne-slanger-kan-koste-liv/a/10129909/>
- <http://www.northwalescamping.co.uk>